

Mál nr. 280/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 22. september 2022, ásamt fylgiskjölum og tölvupóstur dags. 19. október 2022.
3. Bréf V1, dags. 13. október 2022, ásamt fylgiskjölum og tölvuóstur dags. 18. október 2022.
4. Tölvupóstur f.h. M, dags. 18. október 2022.

Málsatvik.

Í málgögnum liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanns bifreiðar A, sem váttryggð er hjá V1, og ökumanns bifreiðar B, sem váttryggð er hjá V2. Á framhlið þeirrar tjónstilkynningar kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak frá bifreiðastæði í aðdraganda áreksturs, en ökumaður bifreiðar A, sem er bifreið M, ber um að hafa stöðvað áður en árekstur varð. Í málinu liggur einnig fyrir lýsing starfsmanns V1, sem skoðaði myndbandsupptöku af atvikinu og lýsir aðdraganda þess þannig að ökumaður bifreiðar A hafi stöðvað bifreið sína augnabliki áður en árekstur varð eða í mesta lagi einni sekúndu áður.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki getað varist árekstrinum á kyrrstæðri bifreið sinni. Í málskoti er vísað til þess að ökumaður bifreiðar B hafi sagt á vettvangi að hún hafi ekki litið aftur fyrir sig eða í spegla en ökumaður bifreiðar A vísar til þess að ekki hafi heyrst í bakkskynjara á bifreið A. Einnig vísar ökumaður bifreiðar A til þess að hún hafi ekki verið að bakka heldur verið að keyra burt þegar áreksturinn varð.

V1 tekur undir sjónarmið M í málinu og telur að þar sem bifreið A hafi verið stöðvuð þegar árekstur varð hafi ökumaður hennar gætt að fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en ekki ökumaður bifreiðar B og þannig eigi að leggja alla sök á hann.

V2 telur að leggja eigi lýsingu starfsmanns V1 af árekstrinum til grundvallar og telur að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega vel að sér við akstur aftur á bak skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að ökumenn bifreiða A og B voru í aðdraganda áreksturs við akstur aftur á bak úr bifreiðastæðum. Í sameiginlegri tjónstilkynningu og framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að sú bifreið hafi verið stopp þegar árekstur varð. Í lýsingu myndbandsupptöku af atvikinu kemur fram af hálfu starfsmanns V1 sú lýsing að ökumaður bifreiðar A hafi stöðvað um einni sekúndu áður en árekstur varð. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumönnum beri að ganga úr skugga um það að unnt sé að aka aftur á bak án hættu og óþæginda fyrir aðra. Þessa gætti hvorugur ökumaður nægilega vel og hefur það ekki áhrif á sakarskiptingu að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína rétt áður en árekstur varð, því sú stöðvun varði, að lýsingu að dæma einungis í augnablik. Sök skiptist því til helminga milli ökumanna A og B þar sem hvorugur telst hafa gætt nægilega vel að annarri umferð við akstur aftur á bak.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir